

# Jóla- eða kærleikskort

Nú gleðjum við hverfið og sendum út kærleikskort. Hönnum jóla-/kærleikskort. Ákveðin atriði þurfa að vera á kortinu, rúmfræðilega rétt: Þið vinnið síðan skýrslu samhliða kortinu. Það er mikilvægt að öll atriði af listanum komin fram bæði á kortinu og í skýrslunni.

Kortið á að lita og fara ofan í með útlínupenna.

## Hluti A – Kortið:

Kærleikskortið þarf að inni halda það sem kemur fram á þessum lista:

1. Hringur með þvermálið 4,5 cm **eða** 2 cm
2. Tvo þríhyrninga, annar með flatarmálið  $7,5 \text{ cm}^2$  og hinn með hæðina 3 cm.
3. Einn ferstrending, með rúmmálið 16 rúmsentimetrar.
4. Sívaling eða geira úr sívaling/hring, sem hefur radíusinn 1,5 cm **eða** 1 cm
5. Bætið sjálf 3 öðrum stærðfræðilegum fyrirbærum við á kortið.
6. Hafa þema í kortinu

## Hluti B – Skýrsla:

Með kortinu á að fylgja **skýrsla (amk 250 orð)** þar sem þið lýsið því sem þið teiknuðuð.

- 1) Gefið kortinu íslenskt lýsandi heiti.
- 2) Lýsið því hvernig hugmyndin að kortinu vaknaði. Ber kortið sérstakan boðskap?
- 3) Lýsið á tungumáli stærðfræðinnar hvar á myndinni má sjá að öllum reglum, úr A-hluta, hafi verið fylgt.
- 4) Niðurstaða: Lýsið í stuttu máli, upplifun ykkar af kortagerðinni.
- 5) Taka mynd af kortinu og láta fylgja með

**Jóla skemmtun**

# Námsmat

Þetta verkefni er metið til einkunnar en hér má sjá matsskalann:

Nemandi getur:	A	B	C
<b>Beitt rúmfræðilegum reikningum í bæði tvívídd og þrívídd.</b>	Aðferðir eru réttar og nákvæmar.	Aðferðir eru réttar en nákvæmni vantar.	Einhver skilningur á aðferðum en vinnubrögð þarf að bæta.
<b>Greint rúmfræðileg form teiknað þau með <i>hringfara</i> eða <i>gráðuboga</i></b>	Aðferðir eru réttar og nákvæmar.	Aðferðir eru réttar en nákvæmni vantar.	Einhver skilningur á aðferðum en vinnubrögð þarf að bæta.
<b>Tjáð sig á <i>tungumáli stærðfræðinnar</i> og notað viðeigandi hugtök</b>	Nemandi tjáir sig á skýran og fjölbreyttan hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar.	Nemandi getur tjáð sig á skýran hátt um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar	Nemandi getur tjáð sig að nokkuð vel um stærðfræðileg efni og um veruleikann með tungumáli stærðfræðinnar.
<b>Beitt <i>skapandi</i> hugsun</b>	Stærðfræðin tengist vel daglegu lífi og frumlegri túlkun er beitt af vandvirkni.	Frumlegri túlkun er beitt en mætti færa nær daglegu lífi og breytileika þess.	Eitthvað um frumlega túlkun og tengingu við stærðfræði og daglegt líf.

<b>Unnið <i>sjálfstætt</i> og borið ábyrgð á eigin námi</b>	Nemendur taka virkan þátt í samstarfi á uppbyggilegan hátt. Heimanámi sinnt með þryði.	Nemendur taka nokkuð virkan þátt í samstarf og eftirfylgni heima fyrir ágæt.	Verkefninu er sinnt sæmilega í tímum og heima fyrir.
---	--	--	--


Til gamans verða veittar 3 viðurkenningar fyrir kortin:

Skemmtilegasta kortið

Kortið sem best sameinar stærðfræði og listsköpun.

Besta skýrslan.

Fyrirmyndarverkefni





Gleðileg  
Jól ❤️



